

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Innbæinn.

Skipulagsráð Akureyrarbæjar samþykkti 14. maí 2025 breytingu á deiliskipulagi fyrir Innbæinn.

Breytingin tekur til Hafnarstrætis 37 og felur í sér að lóðin stækkar um 1 m til vesturs, fer úr 300 fm í 324 fm. Þá stækkar byggingarreitur til vesturs og norðurs, nýtingarhlutfall eykst úr 0,705 í 1,26 og gert er ráð fyrir þremur bílastæðum.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og var hún grenndarkynnt skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Akureyri, 15. maí 2025.

F.h. Akureyrarbæjar,

Rebekka Rut Þórhallsdóttir, fulltrúi skipulags- og byggingarmála.

B deild - Útgáfudagur: 30. maí 2025